




Mesti halli á vöru- og þjónustuviðskiptum í 13 ár

Útflutningur vöru og þjónustu nam 223,6 mö.kr. á fyrsta ársfjórðungi og dróst saman um 40,6 ma.kr., eða 15,4% miðað við sama tímabil í fyrra. Innflutningur vöru og þjónustu nam 256,4 mö.kr. og dróst saman um 8,7 ma.kr., eða 3,3%. Halli af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 32,8 mö.kr. og jókst um 31,9 ma.kr.


Þetta er mesti halli af vöru- og þjónustuviðskiptum á einum ársfjórðungi síðan á fyrsta ársfjórðungi 2008. Aukinn halli á vöru- og þjónustuviðskiptum borið saman við sama tímabil í fyrra skýrist fyrst og fremst af samdrætti í þjónustuútflutningi en einnig af auknum vöruinnflutningi. Þjónustuútflutningur nam 58,7 mö.kr. og dróst saman um 54,5 ma.kr. eða 48,2%. Vöruútflutningur nam 165 mö.kr. og jókst um 13,9 ma.kr. eða 9,2%. Þjónustuinnflutningur nam 69,6 mö.kr. og dróst saman um 21,2 ma.kr. eða 23,3%. Vöruinnflutningur nam 186,8 mö.kr. og jókst um 12,5 ma.kr. eða 7,1%. Allar breytingar í inn- og útflutningi á fjórðungnum, borið saman við sama fjórðung í fyrra, litast af breytingu í gengi krónunnar en krónan var 7,3% veikari á fjórðungnum en á sama fjórðungi í fyrra.

Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu dróst saman um 90,6% milli ára

Samdrátturinn í útflutningsverðmæti þjónustu nam 54,5 mö.kr. eða 48,2%. Þennan samdrátt má einungis rekja til samdráttar í ferðaþjónustu en þjónustuútflutningur án ferðaþjónustu fór úr 48,5 mö.kr. og í 50,9 ma.kr. og jókst um 2,3 ma.kr. eða 4,7%. Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu dróst saman um 56,8 ma.kr. eða tæplega 88%. Útflutningur farþegaflutninga dróst saman um 18 ma.kr. eða 91% en útflutningur ferðalaga um 38,8 ma.kr. eða 87%. Erlendum ferðamönnum á fyrsta fjórðungi fækkaði um 96% miðað við sama tímabil í fyrra. Ástæðan fyrir því að útflutningur ferðaþjónustu dróst minna saman en sem nemur fækkun ferðamanna liggur m.a. í veikingu krónunnar.



Heimild: Hagstofa Íslands



Aukning í útflutningsverðmæti á 12 mánaða grundvelli
Heimild: Hagstofa Íslands



Þjónustuinflutningur minnkaði um 23,3%

Verðmæti innfluttrar þjónustu nam 69,6 mö.kr. á fyrsta fjórðungi borið saman við 90,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Samdrátturinn nemur því 21,2 mö.kr., eða 23,3%. Samdrátturinn skýrist nær eingöngu af minni ferðalögum Íslendinga til útlanda vegna heimsfaraldursins en sá liður dróst saman um 24,8 ma.kr., eða 70,2%, og er þá átt við samtölu bæði ferðalaga og kaupa Íslendinga á farmiðum frá erlendum flugfélögum. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu 11,6 þúsundum á fyrsta fjórðungi og fækkaði þeim um 86,9%% frá sama tímabili árið áður.


Ferðaðjónustujöfnuður, þ.e. mismunur á útflutningi og innflutningi ferðalaga og farþegaflutninga, var neikvæður um 2,7 ma.kr. á fyrsta fjórðungi en á sama tímabili í fyrra var hann jákvæður um 29,3 ma.kr. Afgangurinn dróst því saman um 32 ma.kr. milli ára.

Vöruútflutningur jókst en er minni að umfangi en á síðustu árum


Að magni til varð töluerð aukning í vöruútflutningi og jókst hann um 4,4% sem er mesta aukning hans í tvö ár. Mikil aukning útflutnings skýrist að hluta til af grunnáhrifum fjórðungsins í fyrra en þá varð mikill samdráttur eða 16,6%. Þrátt fyrir þessa aukningu í útflutningi nú á fyrsta fjórðungi var umfang útflutnings minna en á sama fjórðungi á árunum 2018-2020. Útflutningur sjávarafurða jókst um 5,6% á fyrsta fjórðungi og má skýra það m.a. með loðnuveiðum sem voru þær fyrstu síðan árið 2018. Útflutningur utan stóriðju og sjávarútvegs jókst um 9,3% sem er mesta aukning hans síðan á fjórða fjórðungi 2018. Útflutningur stóriðju dróst saman um 1,9% eftir að hafa vaxið töluvert á þriðja og fjórða ársfjórðungi í fyrra. Álverð hefur hækkað mikið eftir verðfallið sem varð í fyrravor. Hærra álverð hefur aukið framleiðslu og útflutning á áli frá landinu sem dróst nokkuð saman í fyrra vegna óhagstæðs álverðs.

Vöruinnflutningur jókst um 7,6%

Vöruinnflutningur nam 201,2 mö.kr. á fyrsta fjórðungi og jókst hann um 7,6% milli ára. Á föstu gengi dróst hann hins vegar saman um 4,2%. Aukning innflutnings skýrist fyrst og fremst af þrennu. Í fyrsta lagi auknum innflutningi á



Heimild: Hagstofa Íslands




■ Sjávarútvegur ■ Stóriðja
 ■ Annar útflutningur ■ Samtals vöruútflutningur

Magnbreyting frá sama tímabili árið áður
 Heimild: Hagstofa Íslands



fjárfestingarvöru án flutningatækja og innfluttum rekstrar-, hrá- og neysluvörum. Samanlagt var innflutningsverðmæti þessara liða 28,7 mö.kr. meira, eða 24,2%, en í fyrra. Innflutningur á flutningatækjum dróst saman um 9 ma.kr. eða um þriðjung. Innflutningur á eldsneyti og smurólíu dróst saman um 6,6 ma.kr. eða um rúman þriðjung.



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfræðideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.